



Stjórn SSH 337. fundur

Mánudaginn 15. júní 2009 kl.12:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Magnússon og Lúðvík Geirsson.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur sat fundinn undir 2. lið.

Þetta gerðist:

1. Strætó bs.

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra dags 12. júní 2009 vegna úrvinnslu á málefnum Strætó bs. sbr. 335. stjórnfund frá 12. maí 2009.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til að aðildarsveitarfélögin samþykki fyrirbyggjandi tillögu að endurfjármögnun Strætó bs, (**Tilaga 1 í minnisblaði frá fundi stjórnar SSH 12. maí sl**), en að gerð sérstaks eigendasamkomulags (**Tillaga 2 í framangreindu minnisblaði**) verði frestað, en í staðinn verði nú þegar hafin vinna við heildarendurskoðun á stofnsamningi byggðasamlagsins og nógildandi eigendasamkomulagi. Við þá endurskoðun verði m.a. horft til :

- Skilgreiningar á tilgangi og markmiði með rekstri byggðasamlagsins.
- Stjórnskipulags, samsetningu stjórnar, hlutverks hennar og stöðu.
- Meginþátta og forsendna sem liggja skulu til grundvallar við skiptingu á kostnaði milli eigna og notenda annars vegar, og innbyrðis skiptingu á milli eigna hins vegar.
- Skilgreiningar á meginforsendum sem lagðar verða til grundvallar við uppbyggingu og þróun leiðakerfis.

Utanaðkomandi ráðgjafi verði fenginn til að leiða þetta verkefni, og við úrvinnslu þess verði m.a. horft til erlendra fyrirmýnda úr hliðstæðri starfsemi, s.s. á norðurlöndunum.

Verkefnið verði unnið á vegum SSH.



Vinnu verði hagað með þeim hætti að niðurstöður og tillögur sem þær byggja á geti fengið umfjöllun og afgreiðslu eigenda fyrir ársfund byggðasamlagsins í októbermánuði nk.“

2. Gerð stöðugleikasáttmála

Farið var yfir ýmsa þætti er snúa að rekstri og framkvæmdum sveitarfélaganna til undirbúnings viðræðna stjórnar við fulltrúa atvinnulífsins o.fl. hjá ríkissáttasemjara í tengslum við gerð stöðugleikasáttmála fyrir íslenskt efnahagslíf.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:10